

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/24/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.756 - Crédit Agricole/Banque Indosuez).....	01
96/EES/24/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.758 - Sara Lee/Aoste Holding SA).....	02
96/EES/24/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.765 - Adia/Ecco).....	02
96/EES/24/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.775 - Hong Kong Aero Engine Services - „HAESL”).....	03
96/EES/24/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.710 - BHF-Bank/Crédit Commercial de France).....	04
96/EES/24/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.717 - Viacom/Bear Stearns).....	04
96/EES/24/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.726 - Bosch/Allied Signal).....	05

96/EES/24/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.731 - Kværner/Trafalgar).....	05
96/EES/24/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.733 - Frantschach/B+K/Volfin).....	06
96/EES/24/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.740 - Krupp (II)).....	06
96/EES/24/11	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.711 - Generali/Unicredito).....	07
96/EES/24/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 53/95 (NN 143/95) - Spánn.....	07
96/EES/24/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 57/95 (NN 67/95) - Þýskaland.....	08
96/EES/24/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 58/95 (NN 72/95) - Þýskaland.....	08
96/EES/24/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 11/96 - Þýskaland.....	08
96/EES/24/16	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	09
96/EES/24/17	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	10
96/EES/24/18	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - Mál nr. IV/E-3/35.698 - ISAB Energy.....	10
96/EES/24/19	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 ⁽²⁾ - Mál nr. IV/F-1/33.055 - Danish Tennis Federation.....	11
96/EES/24/20	Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig staðið skuli að gerðarviðurkenningu og skráningu ökutækja sem áður voru skráð í öðru aðildarríki.....	11
96/EES/24/21	Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega.....	12
96/EES/24/22	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 9. 4. til 19. 4. 1996.....	14
3. Dómstóllinn		
96/EES/24/23	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	15
96/EES/24/24	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	18

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.756 - Crédit Agricole/Banque Indosuez)

96/EES/24/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Caisse Nationale du Crédit Agricole (CNCA) og Compagnie de Suez öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Banque Indosuez með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CNCA: Bankastarfsemi, váttryggingar og fjármálaþjónusta,
 - Compagnie de Suez: Bankastarfsemi, mál- og rafeindaiðnaður, gistiheimili og ferðamannaíðnaður,
 - Indosuez: Bankamál og fjármálaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjút. EB nr. C 157, 1. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.756 - Crédit Agricole/Banque Indosuez, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjút. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjút. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.758 - Sara Lee/Aoste Holding SA)**

96/EES/24/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Sara Lee Charcuterie S.A. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryferráð yfir fyrirtækjunum Aoste Holding og Euragral. Yferráðin veitir Michel Reybier sem stjórnar þessum tegundum af fyrirtækjum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sara Lee Charcuterie S.A.: Framleiðsla og sala á unnum kjötvörum,
 - Aoste Holding og Euragral: Framleiðsla og sala á unnum kjötvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 154, 29. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.758 - Sara Lee/Aoste Holding SA, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.765 - Adia/Ecco)**

96/EES/24/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Finecco S.A. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir Adia International S.A. (Adia). Í kjölfar viðskiptanna flyst Ecco S.A., sem er fyrirtæki undir yferráðum Finecco, yfir til Adia.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Finecco: Eignarhaldsfélag fyrir Ecco,
 - Ecco: Sér fyrirtækjum fyrir afleysingarfólki,
 - Adia: Sér fyrirtækjum fyrir afleysingarfólki, annast atvinnumiðlun, þálfun og prófun á starfshæfni afleysingarfólks og fastra starfsmanna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 155, 30. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.765 - Adia/Ecco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram 96/EES/24/04
(Mál nr. IV/M.775 - Hong Kong Aero Engine Services - „HAESL”)

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Rolls-Royce Overseas Holdings Limited (sem tilheyrir Rolls-Royce plc samstæðunni) og Hong Kong Aircraft Engineering Company Limited (sem tilheyrir samstæðunni John Swire & Sons Limited) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Hong Kong Aero Engine Services Limited - „HAESL”.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rolls-Royce plc: Vélsníði,
 - John Swire & Sons Limited: Viðskipti á sviði fjármála og iðnaðar,
 - HAESL: Viðhald og grannskoðun flughreyfla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 161, 6. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.775 - Hong Kong Aero Engine Services - „HAESL”, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.710 - BHF-Bank/Crédit Commercial de France)

96/EES/24/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0710. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.717 - Viacom/Bear Stearns)

96/EES/24/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0717. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

(1) Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.726 - Bosch/Allied Signal)****96/EES/24/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. 4. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0726. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.731 - Kværner/Trafalgar)****96/EES/24/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 4. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0731. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.733 - Frantschach / B+K / Volfin)

96/EES/24/09

Frankvæmdastjórnin ákvað 8. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0733. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.740 - Krupp (II))

96/EES/24/10

Frankvæmdastjórnin ákvað 2. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0740. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

(¹) Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.711 - Generali/Unicredito)****96/EES/24/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. 3. 1996 að tilkynnt aðgerð í framanefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem hún myndar ekki samfylkingu samkvæmt 3. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Heildartexti ákvörðunarinnar er eingöngu fáanlegur á ítölsku og verður birtur eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafeindaformi í „CIT“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalnúmeri 396M0711. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 53/95 (NN 143/95)
Spánn****96/EES/24/12**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem spænsk stjórnvöld veittu fyrirtækjasamstæðunni Grupo de Empresas Álvarez (GEA) (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 144 frá 16. 5. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við spænsk stjórnvöld.

(¹) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 57/95 (NN 67/95)
Þýskaland

96/EES/24/13

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem þýsk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Bestwood E.F. Kynder GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 144 frá 16. 5. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 58/95 (NN 72/95)
Þýskaland

96/EES/24/14

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem þýsk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Gemeinnützige Abfallverwertung GmbH sem annast vinnslu úrgangs (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 144 frá 16. 5. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 11/96
Þýskaland

96/EES/24/15

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við smíði tveggja skemmtiferðaskipa fyrir malasíska fyrirtækið Genting International - Star Cruise (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 144 frá 16. 5. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/24/16 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð til að viðhalda störfum, fjárfestingaraðstoð og aðstoð vegna þjálfunar sem veitt var fyrirtækinu AlliedSignal Polymers GmbH (gerviefnaframleiðandi) í Thüringen, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. N 1011/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við eigendur spænskra rækjubáta sem stunda veiðar í landhelgi Marokkós til að bæta þeim upp árstímabundið veiðibann, ríkisaðstoð nr. N 12/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska styrkjaáætlun í tengslum við smíði nýrrar og bættrar gerðar af núverandi járnbrautarhliðarsporum, ríkisaðstoð nr. N 726/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð finnskra stjórnvalda við fyrirtæki á Álandseyjum, ríkisaðstoð nr. N 866/95 (ex ESA 93-072) - aðgerð 1 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska fjárfestingaraðstoð og aðstoð til að koma á fót litlum fyrirtækjum á Álandseyjum, ríkisaðstoð nr. N 866/95 (ex ESA 93-072) - aðgerð 2 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska aðstoð til verkefna í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Álandseyjum, ríkisaðstoð nr. N 866/95 (ex ESA 93-072) - aðgerð 3 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar þýska fylkisins Thüringen um endurbætur og breytingar á iðnaðarsvæðum, ríkisaðstoð nr. N 931/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar þýska fylkisins Thüringen um sjóð til styrktar fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum, ríkisaðstoð nr. N 102/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, frá 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrki vegna tækninýjungaverkefna á Kanaríeyjum, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 847/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 114, frá 19. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á franska rannsóknar- og tæknisjóðnum til að auka rannsóknir á vegum fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 1014/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 114, frá 19. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska styrki til staðbundinnar nýtingar og meðhöndlunar á iðnaðarúrgangi í þeim tilgangi að draga úr slíkum úrgangi, ríkisaðstoð nr. N 862/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 114, frá 19. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við fyrirtækin BULL SA, SAGEM, OCE, NIPSON og SIAB vegna rannsókna í tengslum við hönnun á nýjum ytri búnaði fyrir einstaklingstölvur, innan ramma Eureka EU 944 - JEPP, ríkisaðstoð nr. NN 136/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 114, frá 19. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við eigendur fiskiskipa sem stunda veiðar í landhelgi Marokkós, ríkisaðstoð nr. NN 152/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 114, frá 19. 4. 1996).

Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 96/EES/24/17

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 1995 um breytingar á spænskum áætlunum um aðstoð við bílaiðnaðinn (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 119, 16. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 1996 um aðstoð sem írsk stjórnvöld ætla að veita stálfyrirtækinu Irish Steel (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 121, 21. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun 94/984/EB um heilbrigðisskilyrði og -vottorð vegna innflutnings á nýju alifuglakjoti frá tilteknum þriðju löndum (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 114, 8. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun 95/473 um gerð skrár yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Frakklandi (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 109, 3. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1996 um auðkenningu og skráningu á einingum í tölvunetinu Animo og um niðurfellingu á ákvörðun 92/175/EBE (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 113, 7. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE hvað varðar samstarfsform milli Animo-móðurstöðvarinnar og aðildarríkjanna (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 113, 7. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. apríl 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmföt og stuttermá bolli (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 118, 15. 5. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 1996 um tilteknar verndarráðstafanir hvað varðar fiskafurðir sem eru upprunnar í Máriaínu (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB nr. L 111, 4. 5. 1996)

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/24/18
nr. 17/62⁽¹⁾ - Mál nr. IV/E-3/35.698 - ISAB Energy**

Þann 4. september 1995 barst framkvæmdastjórninni tilkynning um orkukaupasamning sem tryggir ENEL rafmagn frá orkuveri af gerðinni IGCC („integrated and combined cycle”) og samninga um súrefnis- og hráefnisflutning. Orkuverið sem mun framleiða rafmagn með gösun úrgangsefna frá olíuhreinsunarstöð verður staðsett á Priolo Gargallo, bæjarfélagi nálægt Sírakus á Sikiley, Ítalíu.

Aðilar fóru fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en annars undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart samningunum um súrefnis- og hráefnisflutning. Hvað varðar orkukaupasamninginn hefur hún í hyggju að taka jákvæða afstöðu sem mun gilda fyrir 15 ára tímabil. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum kost á að senda

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB nr. C 138, 9. 5. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/E-3/35.698, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate E
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar 96/EES/24/19
ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ - Mál nr. IV/F-1/33.055 - Danish Tennis Federation**

Þann 18. apríl 1994 tilkynnti Danish Tennis Federation í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins 17/62, samning með það í huga að fara fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en annars undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.

Markmið tilkynnta samningsins er að koma á kostunarfyrirkomulagi þar sem dreifingaraðilar á tennisboltum öðlast rétt til að útvega vörur fyrir opinber tennismót í Danmörku, gegn fjárhagslegum stuðningi.

Frankvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynnta samningnum og hreyfa ekki mótmælum. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB nr. C 138, 9. 5. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/33.055 - Danish Tennis Federation, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate IV/F
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

**Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig 96/EES/24/20
staðið skuli að gerðarviðurkenningu og skráningu ökutækja sem áður
voru skráð í öðru aðildarríki**

Í orðsendingunni er gerð grein fyrir meginreglum í bandalagslögum um skilyrði fyrir gerðarviðurkenningu og skráningu á ökutækjum sem áður voru skráð í öðrum aðildarríkjum og útskýrt hvaða réttindi einstaklingar hafa vegna þess að bandalagslög gilda án frekari lögfestingar og hvaða formlegum tryggingum þeir eiga rétt á í slíkum tilvikum. Framkvæmdastjórnin uppfærir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar 88/C 281/08 sem birtist í Stjtíð. EB nr. C 281, 4. 11. 1988 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 143, 15. 5. 1996)

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI 96/EES/24/21 FARANDLAUNÞEGA

Við útreikning á árlegum meðalkostnaði er ekki tekið mið af 20% lækkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 94. gr. og 2. mgr. 95. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72.

Nettó meðalkostnaður á mánuði hefur verið lækkaður um 20%.

MEÐALKOSTNAÐUR VEGNA BÓTA Í PENINGUM - 1992⁽¹⁾

I. *Beiting 94. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72*

Endurgreiðanlegar fjárhæðir í tengslum við bætur í peningum sem veittar voru árið 1992 til fjölskyldumeðlima eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

		<i>Á ári</i>		<i>Nettó á mánuði</i>	
Pýskaland	Ortskrankenkassen (Staðarsjúkrasamlög)	DM	1 597,61	DM	106,51
	Betriebskrankenkassen (Sjúkrasjóðir fyrirtækja)	DM	1 494,26	DM	99,62
	Innungskrankenkassen (Sjúkrasjóðir meistarafélaga)	DM	1 435,88	DM	95,73
	Landwirtschaftliche Krankenkassen (Sjúkrasjóðir landbúnaðarins)	DM	1 368,20	DM	91,21
	Seekrankenkassen (Sjúkrasjóðir sjómanna)	DM	1 669,62	DM	111,31
	Bundesknappschaft (Tryggingasjóður námumanna)	DM	1 751,34	DM	116,76
	Ersatzkassen für Arbeiter (Uppbótasjóður verkafólks)	DM	1 477,57	DM	98,50
	Ersatzkassen für Angestellte (Uppbótasjóður skrifstofufólks)	DM	1 425,58	DM	95,04
Grikkland		GRD	107 339	GRD	7 156
Írland		IEP	1 019,96	IEP	67,99
Ítalía		ITL	2 351 184	ITL	156 746

II. *Beiting 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72*

Endurgreiðanlegar fjárhæðir hvað varðar bætur í peningum sem veittar voru árið 1992 samkvæmt 28. gr. og 28. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

⁽¹⁾ Meðalkostnaður: Lúxemborg, Stj.É. EB nr. C 139, 21. 5. 1994.

Meðalkostnaður: Belgía, Frakkland, Spánn, og Holland, Stj.É. EB nr. C 360, 17. 12. 1994.

Meðalkostnaður: Portúgal, Stj.É. EB nr. C 53, 4. 3. 1995.

Meðalkostnaður: Breska konungsríkið, Stj.É. EB nr. C 262, 7. 10. 1995.

		Á ári		Nettó á mánuði	
Þýskaland	Ortskrankenkassen (Staðarsjúkrasamlög)	DM	5 624,59	DM	374,97
	Bundesknappschaft (Tryggingasjóður verkafólks)	DM	5 849,99	DM	390,00
Írland		IEP	1 824,55	IEP	121,64
Ítalía		ITL	3 178 316	ITL	211 888
Grikkland		GRD	170 973	GRD	11 398

MEÐALKOSTNAÐUR VEGNA BÓTA Í PENINGUM - 1993⁽¹⁾

I. Beiting 94. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72

Endurgreiðanlegar fjárhæðir í tengslum við bætur í peningum sem veittar voru árið 1993 til fjölskyldumeðlima eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

		Á ári		Nettó á mánuði	
Belgía	Launþegar	BEF	33 601	BEF	2 240
	Sjálfstætt starfandi launþegar	BEF	23 047	BEF	1 536
Frakkland		FRF	8 386	FRF	559,07

II. Beiting 94. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72

Endurgreiðanlegar fjárhæðir í tengslum við bætur í peningum sem veittar voru árið 1993 til fjölskyldumeðlima eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 verða ákvarðaðar á grundvelli eftirfarandi meðalkostnaðar:

		Á ári		Nettó á mánuði	
Belgía	Launþegar	BEF	132 545	BEF	8 836
	Sjálfstætt starfandi launþegar	BEF	76 845	BEF	5 123
Frakkland		FRF	19 749	FRF	1 316,60

⁽¹⁾ Meðalkostnaður: Spánn, Stjtið. EB nr. C 123, 19. 5. 1995.

Meðalkostnaður: Lúxemborg og Holland, Stjtið. EB nr. C 262, 7. 10. 1995.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 96/EES/24/22 ráðinu á tímabilinu 9. 4. til 19. 4. 1996

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 126	CB-CO-96-135-EN-C ⁽¹⁾	25. skýrsla um stefnu í samkeppnismálum (1995)	10.4.1996	11.4.1996	100
COM(96) 45	CB-CO-96-56-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um skilgreiningu og framkvæmd á stefnu bandalagsins á sviði fjarskipta og pósthjónustu	11.4.1996	12.4.1996	26
COM(96) 79	CB-CO-96-090-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 87/102/EBE (eins og henni var breytt með tilskipun 90/88/EBE) um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán	12.4.1996	15.4.1996	63
COM(96) 161	CB-CO-96-174-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um aðra breytingu á reglugerð (EB) nr. 3090/95 um tiltekna ráðstafanir fyrir árið 1996 varðandi verndun og stjórnun fiskimiða á umráðasvæðinu eins og það er skilgreint í samningnum um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi	16.4.1996	16.4.1996	6
COM(96) 158	CB-CO-96-170-EN-C	Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin - Ársskýrsla fyrir árið 1995	17.4.1996	18.4.1996	60
COM(96) 159	CB-CO-96-171-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau	18.4.1996	18.4.1996	7
COM(96) 162	CB-CO-96-175-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um tiltekna ráðstafanir fyrir 1996 varðandi verndun og stjórnun fiskimiða á samningssvæðinu eins og það er skilgreint í samningnum um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi	17.4.1996	19.4.1996	6
COM(96) 172	CB-CO-96-182-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-líð 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um millifærslu á fé yfir landamæri til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	19.4.1996	19.4.1996	18

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/24/23

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-56/93: Konungsríkið Belgía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - forgangstollkerfi fyrir afgreiðslu á jarðgasi til hollenskra nítratáburðarframleiðenda).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. febrúar 1996 í máli C-63/93 (beiðni um forúrskurð frá Supreme Court of Ireland): Fintan Duff o.fl. gegn Minister for Agriculture and Food og Attorney General (viðbótarskattur á mjólk - sérstakt viðmiðunarmagn í tengslum við þróunaráætlun - skylda eða ákvörðunarréttur).

Dómur dómstólsins frá 13. febrúar 1996 í máli C-143/93 (beiðni um forúrskurð frá Tariefcommissie, Amsterdam): Gebroeders van Es Douane Agenten BV gegn Inspecteur der Invoerrechten en Accijnzen (áhrif niðurfellingar reglugerðar ráðsins á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tollflokkun sem samþykkt var á grundvelli hennar - ákvörðunarréttur framkvæmdastjórnarinnar við gerð flokkunarreglugerðar).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 7. mars 1996 í máli C-278/93 (beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Bremen): Edith Freers og Hannelore Speckmann gegn Deutsche Bundespost (kvenkynslaunþegum óbeint mismunað - þóknun vegna þátttöku í námsskeiðum þar sem meðlimir starfsmannanefnda öðlast nauðsynlega þekkingu til að geta sinnt störfum sínum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. febrúar 1996 í sameinuðum málum C-296/93 og C-307/93: Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og Írland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg skipulagning á nauta- og kálfakjötsmarkaðinum - skilyrði fyrir málamiðlun).

Dómur dómstólsins frá 13. febrúar 1995 í máli C-342/93 (beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal, Norður-Írlandi): Joan Gillespie o.fl. gegn Northern Health and Social Services Board o.fl. (jafnrétti kynjanna - greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 7. mars 1996 í máli C-360/93: Evrópuþingið gegn ráði Evrópusambandsins (sameiginleg stefna í viðskiptamálum - þjónusta - opinber innkaup).

Dómur dómstólsins frá 6. febrúar 1996 í máli C-457/93 (beiðni um forúrskurð frá Bundesarbeitsgericht): Kuratorium für Dialyse und Nierentransplantation e.V. gegn Johanna Lewark (kvenkynslaunþegum óbeint mismunað - þóknun vegna þátttöku í námsskeiðum þar sem meðlimir starfsmannanefnda öðlast nauðsynlega þekkingu til að geta sinnt störfum sínum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-110/94 (beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg, Brügge): Intercommunale voor Zeewaterontziltling (INZO) gegn belgíska ríkinu (virðisaukaskattur - hugtakið atvinnustarfsemi - staða skattlagðra einstaklinga - starfsemin takmörkuð við arðbært nám vegna verkefnis sem síðan er horfið frá).

Dómur dómstólsins frá 29. febrúar 1996 í máli C-122/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn ráði Evrópusambandsins (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - ríkisaðstoð).

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 133, 4. 5. 1996.

Dómur dómstólsins frá 29. febrúar 1996 í máli C-193/94 (beiðni um forúrskurð frá Amtsgericht Tiergarten): Sakamál á hendur Sofia Skanavi og Konstantin Chryssanthakopoulos (frjáls för manna - ökuskríteini - skylda til að skifta á þeim - sektir).

Dómur dómstólsins frá 13. febrúar 1996 í sameinuðum málum C-197/94 og C-252/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance, Dax, og Tribunal de Grande Instance, Quimper): Société Bautiaa gegn Directeur des Services Fiscaux des Landes og Société Française Maritime gegn Directeur des Services Fiscaux du Finistère (1. mgr. 7. gr. tilskipunar 69/335/EBE - óbeinir skattar á fjármagnsaukningu - fjármagnsskattur - samruni fyrirtækja - undanþága).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. febrúar 1996 í máli C-209/94 P: Buralux SA, Satrod SA og Ourry SA gegn ráði Evrópusambandsins (áfrýjun - flutningur á úrgangi).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-215/94 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Jürgen Mohr gegn Finanzamt Bad Segeberg (virðisaukaskattur - skilgreining á veitingu þjónustu - endanleg stöðvun mjólkurframleiðslu - móttæknar bætur samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1336/86).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 15. febrúar 1996 í máli C-226/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce, Albi): Grand Garage Albigeois SA o.fl. gegn Garage Massol SARL (samkeppni - afgreiðsla á ökutækjum - reglugerð (EBE) nr. 123/85 - beiting gagnvart þriðja aðila - óháður aðili sem sér um endursölu).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-239/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 91/263/EBE - vanræksla á að taka lög bandalagsins upp í innlend lög).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-300/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Superior de Justicia, Andalúsíu): Tirma SA gegn Administración General del Estado (bókun 2 í aðildarlögum Spánar og Portúgals - Kanaríeyjar - tollumráðasvæði bandalagsins - unnar landbúnaðarvörur - undanþága frá tollum - 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3033/80 - breytileg gjöld).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. febrúar 1996 í máli C-307/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 85/432/EBE).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 1. febrúar 1996 í máli C-308/94 (beiðni um forúrskurð frá Cour du Travail, Liège): Office National de l'Emploi gegn Heidemarie Narschawicus (almannatryggingar fyrir farandlaunþega - reglugerð ráðsins nr. 1408/71 - launþegi sem býr í öðru aðildarríki en viðkomandi aðildarríki - atvinnuleysisbætur).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 15. febrúar 1996 í máli C-309/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce, Lyon): Nissan France o.fl. gegn Jean-Luc Dupasquier du Garage Sport Auto o.fl. (samkeppni - afgreiðsla á ökutækjum - reglugerð (EBE) nr. 123/85 - beiting gagnvart þriðja aðila - samhliða innflytjandi - samtíma rekstur atvinnustarfsemi bæði sem löggiltur meðalgöngumaður og óháður aðili sem annast endursölu).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 15. febrúar 1996 í máli C-53/95 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal du Travail, Tournai): INASTI gegn Hans Kemmler (staðfesturéttur - almannatryggingar fyrir sjálfstætt starfandi aðila í tveimur aðildarríkjum).

Mál C-307/95: Beiðni um forúrskurð frá Commissione Tributaria di Primo Grado di Reggio Emilia samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 15. júní 1995 í máli Max Mara Fashion Group SRL gegn Ufficio del Registro di Reggio Emilia.

Mál C-21/96: Mál höfðað þann 24. janúar 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-50/96: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamburg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. desember 1995 í máli Lilli Schröder gegn Deutsche Bundespost Telekom.

Mál C-51/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Namur samkvæmt bráðabirgðáurkurði forseta þess dómstóls frá 16. febrúar 1996 í máli Christelle Delière gegn ASBL Ligue Francophone de Judo et Disciplines Associées og ASBL Ligue Belge de Judo.

Mál C-55/96: Beiðni um forúrskurð frá Corte di Appello, Mílanó, fyrstu deild (einkamál), samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 30. janúar 1996 í máli án ágreinings sem Job Centre Coop. arl. kærði til hans.

Mál C-56/96: Beiðni um forúrskurð frá Raad van State, Belgíu samkvæmt dómi þess dómstóls frá 14. febrúar 1996 í máli VT4 Limited gegn Vlaamse Gemeenschap, flutt af flæmskum stjórnvöldum, Intercommunale Maatschappij voor Gas en Elektriciteit van het Westen og öðrum meðalgöngumönnum.

Mál C-57/96: Beiðni um forúrskurð frá Raad van State, Hollandi, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 22. febrúar 1996 í máli H. Meints gegn Minister van Landbouw, Natuurbeheer en Visserij.

Mál C-59/96 P: Áfrýjað var þann 4. mars 1996 af C. Koelman dómi uppkveðnum þann 9. janúar 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-575/93 milli C. Koelman og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-60/96: Mál höfðað þann 5. mars 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-61/96: Mál höfðað þann 6. mars 1996 af Konungsríkinu Spáni gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-63/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 13. desember 1995 í máli Finanzamt Bergisch Gladbach gegn Werner Skripalle.

Mál C-64/96: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamm samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 26. janúar 1996 í máli Land Nordrhein-Westfalen gegn Kari Uecker.

Mál C-65/96: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamm samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 1. mars 1996 í máli Vera Jacquet gegn Land Nordrhein-Westfalen.

Mál C-66/96: Beiðni um forúrskurð frá Sö- og Handelsret samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. febrúar 1996 í máli Handels- og Kontorfunktionærernes Forbund i Danmark (HK) fyrir hönd Berit Høj Pedersen gegn Fællesforeningen for Danmarks Brugsforeninger (FDB) fyrir hönd Kvikly Skive; HK fyrir hönd Bettina Andresen gegn Dansk Tandlægeforening fyrir hönd Jørgen Bagner, tannlæknis; HK fyrir hönd Tina Pedersen gegn Dansk Tandlægeforening fyrir hönd Jørgen Rasmussen, tannlæknis; og Kristelig Funktionær-Organisation fyrir hönd Pia Sørensen gegn Dansk Handel & Service fyrir hönd Hvitfeldt Guld og Sølv ApS.

Mál C-67/96: Beiðni um forúrskurð frá Kantongerecht, Arnhem samkvæmt dómi þess dómstóls frá 14. mars 1996 í máli Albany International BV gegn Stichting Bedrijfspensioenfonds Textielindustrie.

Mál C-68/96: Beiðni um forúrskurð frá einkamáladeild Tribunale Civile et Penale, Trento, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 15. febrúar 1996 í máli Grundig Italiana gegn Ministero delle Finanze.

Mál C-81/96: Beiðni um forúrskurð frá hollenska ríkisráðinu samkvæmt dómi þess dómstóls frá 12. mars 1996 í máli nefndarformanna og bæjarstjóra í bæjarfélögunum Haarlemmerliede og Spaarnwoude o.fl. gegn Gedeputeerde Staten Noord-Holland.

Mál C-84/96: Mál höfðað þann 19. mars 1996 af Konungsríkinu Hollandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-86/96, C-87/96 og C-88/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova, Prima Sezione Civile samkvæmt fyrirsmælum þess dómstóls frá 1. febrúar og 7. mars 1996 í málum: 1) Palmera SpA, 2) Cesare Rognoli & Figlio Srl og 3) Igino Mazzola gegn Ministero delle Finanze dello Stato.

Mál C-92/96: Mál höfðað þann 22. mars 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-93/96: Beiðni um forúrskurð frá Supremo Tribunal Administrativo (önnur deild, skattamál) frá 14. febrúar 1996 í máli ICT - Indústria e Comércio Têxtil, SA gegn Fazenda Pública.

Mál C-110/92 tekið af málaskrá: Sambandslýðveldið Þýskaland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-324/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/24/24

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 21. mars 1996 í máli T-230/94: Frederick Farrugia gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (krafa um ógildingu - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að synja styrkumsókn stefnanda - skilyrði fyrir styrkveitingu - breskir ríkisborgarar sem búa á yfirráðasvæðum handan hafsins - ákvörðun tekin á röngum forsendum - ósamningsbundinn skaðabótaábyrgð - enginn efnislegur skaði).

Mál T-5/96: Mál höfðað þann 16. janúar 1996 af Sveriges Betodlares Centralforening og Henrikson gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-10/96: Mál höfðað þann 26. janúar 1996 af Benjamin Laurence Lay gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-11/96: Mál höfðað þann 26. janúar 1996 af Donald George Gage og David John Gage gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-19/96: Mál höfðað þann 6. febrúar 1996 af John Carvel og Guardian Newspapers Limited gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-31/96: Mál höfðað þann 11. mars 1996 af Crédit Lyonnais gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-32/96: Mál höfðað þann 11. mars 1996 af Société Générale gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-516/93 tekið af málaskrá: Pacific Fruit Company NV og Pacific Fruit Company BV gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-517/93 tekið af málaskrá: Leon Van Parijs BV gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-263/94 tekið af málaskrá: J. van Rooy gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 14. mars 1996 í máli T-134/95: Dysan Magnetics Ltd og Review Magnetics (Macao) Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um ógildingu - auglýsing um að hefja mál vegna undirboða - máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. mars 1996 í máli T-195/95: Guérin Automobiles gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - málshöfðun gegn stofnunum bandalagsins vegna vanefnda og skaðabóta - frávísun máls mótmælt).

(¹) Sjá Stjútíð. EB nr. C 133, 4. 5. 1996.